



Selfossi 30. maí, 2011
-----KEi/kei/gp-----

Fundargerð stjórnar

102. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 30. maí, 2011 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)

Mættir:

Eyþór Arnalds, formaður, Ólafur Örn Ólafsson og Gunnar Þorgeirsson.

Einnig mætti á fundinn: Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri og Pétur Pétursson varaslökkviliðsstjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10.00

1. Húsnæðismál

a) Kynning á stöðu mála vegna flutnings í nýtt hús.

Eyþór fór yfir stöðu mála, framkvæmdir í húsinu eru á lokastigi.

Hann sagði frá þeim 10 daga töfum sem verða á flutningi slökkviliðsins í húsið þar sem dæla fyrir vatnsúðakerfi hússins er ekki komin til landsins.

Dælan er væntanleg með skipi þann 3. júní n.k. og nokkra daga tekur að tengja hana og öryggisprófa.

Kristján fór yfir stöðuna varðandi rýmismál, þ.e.a.s. þá fermetra sem BÁ mun væntanlega leigja í húsnæðinu.

Fram kom að leigusamningur sem gerður var í upphafi við björgunarfélagsmenn og meðfylgjandi uppdrættir með samningnum stemmdu ekki varðandi fermetra. Niðurstaða viðræðna við fulltrúa núverandi eigenda hússins eru í höfn, heildarfjöldi fermetra miðað við fyrri samning er 1.140,87

Niðurstaða:

Stjórn BÁ samþykkir að huga skiptingu á rýmum, hætta við leigu á geymslurými í kjallara, 72,42 m² og leigja þess í stað fundarsalinn á II. hæð, 84,58 m². Mismunur er 12,16 m².

Heildarfjöldi leigðra fermetra í húsnæðinu verður 1.150.03 m².

Slökkviliðsstjóra falið að skoða málið með fulltrúum eigenda og leggja niðurstöður fyrir næsta stjórnarfund

b) Skyldur leigusala / leigukaupa

Kristján og Pétur fóru yfir þær viðræður sem hafa átt sér stað við fulltrúa eigenda varðandi nokkur túlkunaratriði í fylgiskjali með leigusamningi,

„Skyldur leigusala / leigukaupa“

Fram kom að eigandi getur ekki lokið öllum þáttum byggingarinnar en leggur til frestun í nokkra mánuði.

Niðurstaða:

Samþykkt að fá fram dagsetningar um verklok á þeim liðum sem útaf standa í samningnum.

c) **Sameignarfélag t.d. v. þrif.**

Fram kom stofnað verður rekstarfélag milli aðila um sameiginleg mál sem snúa að rekstri hússins, þ.e.a.s. þá liði sem leigjendur eiga að standa straum að samkv., samningi.

Rekstarfélagið mun m.a. annast sameiginleg þrif o.fl.

d) **Húsfélag (Samningsdrög)**

Húsfélag verður stofnað sem hefur það helst á sinni könnu að huga að öllu ytra skipulagi á lóð og þeim þáttum sem aðilar reka saman innandyrá.

Samningsdrög liggja fyrir en þau eru unnin samkv. drögum sem fengin voru hjá aðilum sem reka Björgunarmiðstöðina við Skógarhlíð í Reykjavík.

2. **Samstarfs- og sameiningarmál.**

Fyrir fundinum lág bréf frá Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar dags. 9. maí 2011 þar sem óskað er eftir ormlegum fundi um samstarfs- og sameiningarmál.

Niðurstaða:

Samþykkt að bjóða fulltrúum Hveragerðisbæjar að koma til fundar við stjórn BÁ, á slökkvistöðina á Selfossi 6. júní n.k. kl. 10.00

3. **Ákvörðun um næstu fundi:**

a) **Stjórnarfundur 6.6. 2011 kl. 10.00**

b) Efni:

1. Fulltrúar Hveragerðisbæjar
2. Fulltrúar sveitarfélaga sem eiga húsnæði sem BÁ leigir
3. Kynning á reikningi 2010, Einar Sveinbjörnsson frá KBMG mætir

c) **Fulltrúaráðsfundur BÁ 14. júní kl. 15.00**

(Fundarstaður ákveðin síðar)

4. **Önnur mál.**

Fyrir fundinum lág kerfisleigusamningur við Tölvu- og rafeindapjónustu Suðurlands þar sem m.a. er aðgangur að kerfisveri fyrirtækisins, Miðja.is. BÁ hefur ekki gert samning sem þennan áður og mun með honum færa tölvumál BÁ til þess fyrirkomulags sem gilt hefur hjá sveitarfélögum á svæðinu.

Niðurstaða:

Kerfissamningur samþykktur.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 11.25

**Eypór Arnalds, Ólafur Örn Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson
Kristján Einarsson, Pétur Pétursson.**